



Tillaga frá formanni Vísinda- og tækniráðs borin upp á fundi ráðsins 8. mars 2019

Vísinda- og tækniráð lætur vinna úttekt á því hvernig opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar dreifist eftir landshlutum. Slík úttekt mun veita mikilvægar upplýsingar til stefnumótunar og nýtist sem grunnur að nánara mati á árangri af fjárfestingum til þessa málaflokks.

Til grundvallar liggja m.a. gögn frá

- A. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) um úthlutanir úr samkeppnissjóðum svo sem Rannsóknasjóði, Tækniþróunarsjóði og Innviðasjóði. Einnig upplýsingar um fyrirtæki sem sótt hafa um skattfrádrátt til rannsókna og þróunarverkefna.
- B. Byggðastofnun um styrki til rannsókna og þróunar. Stofnunin heldur utan um úthlutanir um styrki til byggðarannsókna og um úthlutanir úr sjóðnum Aukið verðmæti sjávarfangs (AVS), Framleiðnisjóði landbúnaðarins og veitir styrki til atvinnuþróunar í gegnum atvinnuþróunarfélög og Sóknaráætlun landshluta.
- C. Aukinheldur upplýsingar um styrki til rannsókna og þróunar sem Nýsköpunarmiðstöð hefur haft umsjón með á tímabilinu.

Úttektin verður unnin í samstarfi við Rannís, Byggðastofnun, Nýsköpunarmiðstöð og Hagstofu Íslands sem safnar og gefur út tölfræðiupplýsingar um fjárfestingar til rannsókna, þróunar og nýsköpunar.

Að sama skapi við fjármála- og efnahagsráðuneytið sem vinnur að úttekt á skattalegu umhverfi rannsókna og nýsköpunar á Íslandi og leggur mat á áhrif nýlegra lagabreytinga og mun skila skýrslu um það í vor.

Úttektin taki yfir tímabilið 2014-2018.

Leitað hefur verið til Daða Más Kristóferssonar forseta félagsvísindasviðs Háskóla Íslands um að leiða verkefnið. Gert er ráð fyrir að skýrsla um úttektina verði kynnt á fundi Vísinda- og tækniráðs í júní 2019.